

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



Annar fundur skólaráðs þann 17.10.2016 kl. 8:00 í Melkoti.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2016-2017. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

**Friðþjófur Helgi Karlsson skólastjóri, Árni Árnason fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara, Hrefna Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra/grenndarsamfélagsins, Ingibjörg Bragadóttir fulltrúi annars starfsfólks, Erika Gísladóttir fulltrúi nemenda, Anna Lena Halldórsdóttir fulltrúi nemenda var veik og Anna María Skúladóttir áheyrnarfulltrúi.**

Dagskrá:

1. Umferðaröryggismál: Skólinn þakkar íbúum hverfisins fyrir þeirra þátttöku í umhverfisöryggismálum í hverfinu. Einnig þakkar skólinn foreldrum kærlega fyrir þeirra þátt í þessum aðgerðum. Mjög mikilvægt er að fá stuðning frá samfélaginu varðandi þessi mál. Breytingar á þessum svæðum standa ennþá yfir verið er að vinna í að setja hraðahindranir og bæta lýsingu.
2. Mál og lestur: Skólaþing var hjá Kópavogsbæ síðasta föstudag þar sem starfsmenn rýndu í stefnu Kópavogsbæjar varðandi „Mál og lestur“. Á þinginu var komið með ýmsar ábendingar sem eiga sennilega eftir að koma inn í stefnuna. Farið var yfir þau próf sem eiga að vera inni í skólunum samkvæmt stefnunni og hvaða framtíðarsýn bærinn vill sjá í skólum bæjarins. Framkvæmdaráætlun í stefnunni var kynnt, hún er mjög opin og skólarnir þurfa að búa til stefnu hver fyrir sinn skóla. Dreigið hefur verið úr úthlutun til bókasafna eftir hrúnið en vonandi breytist það með tilkomu þessarar stefnu. Lestrarmál grunnskóla er samstarfsverkefni heimila og skóla.
3. Starfsáætlun Smáraskóla: Farið var yfir starfsáætlun skólans. Í henni eru handbækur um samskipti og skólareglur, val nemenda á unglingsstigi, rýmingaráætlun, árganganámskrár, kennsluáætlanir o.fl. Sagt var frá breytingu í námsmati sem verið er að taka upp í landinu, unglingsdeildin er að taka upp A-D kvarða og stendur til að sá kvarði verði tekinn upp alveg niður í 1.bekk en matskvarðar eru ekki tilbúnir fyrir 1.-7.bekk og verða því hæfniviðmið metin með táknum þangað til matskvarðar verða tilbúnir. Einkunnir í Smáraskóla hafa verið rauneinkunnir skv. framhaldsskólunum.
4. Túlkabjónusta: Skólinn er að veita nemendum af erlendu bergi viðtöl með túlkum. Mikil fjölgun hefur verið á erlendum nemendum hjá okkur og því hafa túlkaviðtöl aukist. Ekki hafa verið send foreldrabréf á erlendum tungumálum en kennarar hafa þá séð um að koma upplýsingum til foreldra. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða í okkar skóla, hafa bréfin að minnsta kosti á ensku og pólsku.
5. Foreldrafélag þingar með nemendaráði: Foreldrafélaginu langar að funda með nemendaráðinu og heyra í nemendum. Foreldrar hafa verið að mata nemendur í því hvað á að gera t.d. í fjáröflun en langar að hitta nemendur og heyra hvað þau langar að gera. Einnig var rætt um hluti sem nemendur eru að taka þátt í eins og skólahreysti, ræðukeppnir o.fl. Við erum m.a. að taka þátt í Stóru og Litlu upplestrarkeppninni, ýmsu á vegum ÍTK og félagsmiðstöðinni. Áherslupættir skólans eru m.a. fjallaferðir s.s. Laugarvegsgangan, Heilsueflandi grunnskóli, Grænfánastefna og Uppeldi til ábyrgðar ásamt því að vera í alþjóðlegu samstarfi. Skólinn hefur einnig

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



verið með sína eigin hæfileikakeppni. Biðlað hefur verið til foreldra að vera virkir þátttakendur í hóla- og fjallaferðum nemenda. Þetta er að hluta til samstarfsverkefni skólans og foreldra.

## 6. Önnur mál.

- Bekkjarfulltrúar: Hvað finnst skólanum um að það yrði sett upp þannig kerfi að þetta skiptist á milli foreldra þannig að það kemur einhvern tímann að öllum, allir taka þátt. Einnig kom fram önnur leið að bekkjarfulltrúar virki hina foreldrana þar sem foreldrar bekkjarins eiga að koma með verkefni á ákveðnu tímabili. Þetta er eitthvað sem foreldrafélagið tekur til skoðunar.
- Áhyggjur af skipulagi og nemendamálum í ákveðnum árgöngum.

Fundi slitið kl. 9:30

Ritari: Anna María Skúladóttir